

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2005

frá 10. júní 2005

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2005 frá 29. apríl 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91, að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzp (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2065/2003) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„55zzq. **32003 R 1452**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1452/2003 frá 14. ágúst 2003 um að viðhalda undanþágunni, sem kveðið er á um í a-lið 3. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2092/91, að því er varðar tilteknar tegundir fræs og plöntufjölgunarefnis, og að mæla fyrir um reglur um málsmeðferð og viðmiðanir varðandi þá undanþágu (Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 1452/2003, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 11. júní 2005 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 239, 15.9.2005, bls. 36 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 46, 15.9.2005, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 206, 15.8.2003, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2005.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.